

Nd.

588. Nefndarátt

nm frv. til laga nm samstjórn tryggingastofnana landsins.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefndin hefir klotnað i þessu máli, ekki vegna ágreinings nm aðalatriði frv., heldur af því, að meiri hlutinn vildi ekki fallast á að bera fram hreytingar til umbóta á frv., sem við teljum nauðsynlegar, þar á meðal sjerstaklega, að forstjórinn skuli vera sjerfróður um tryggingamál, og að lögini komi til framkvæmda þegar losnar forstjórastaðan við aðrahvora af þeim aðaldeildum, sem fyrst um sinn verða i tryggingastofnuninni. Með tilliti til sjerþekkingar þeirrar, sem við viljum krefjast af forstjóranum, teljum við rjett, að laun hans verði ákveðin hliðstæð launum ýmsra aðalframkvæmdastjóra ríkisins, og stingum npp á, að launin verði ákveðin hin sömu og fyrir vegamálastjóra. Samkvæmt þessu getum við fallist á, að frv. verði samþykkt með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr.
 - a. Á eftir »forstjóra« komi: með fullkominni sjerþekkingu á tryggingamálum.
 - b. Fyrir »4000« komi: 5000, og fyrir »5000« komi: 6000.
2. Við 5. gr. Greinina skal orða svo:

Lög þessi koma til framkvæmda, þegar næst losnar forstjórastaða annaðhvort við Brunabótafjelag Íslands eða við Slysatrygginguna.

Alþingi, 24. mars 1928.

Jón Þorláksson, Björn Kristjánsson.
frsm.